



LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Samfélagsvitund

Skýrsla um verkefnið „samfélagsvitund“
sem Sprotasjóður styrkti skólaárið 2016-
2017

Verkefnastjóri: Lis Ruth Klörudóttir

Nafn skóla: Laugalækjarskóli (í samstarfi með leikskólanum Laugasól og öldrunarheimilinu Hrafnistu)

Nafn verkefnisins: Samfélagsvitund

Nafn verkefnisstjóra: Lis Ruth Klörudóttir



Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Þau markmið sem sett voru fram hafa náðst að fullu og áætlun stóðst í öllum grundvallaratriðum.

Markmið þessa verkefnis er að virkja nemendur í samstarfi við þjónustustöðvar í hverfinu. Að nemendur taki þátt í starfi með íbúum á heimili aldraðra, leikskólabörnum og í störfum innan síns skóla. Með þessu er verið að reyna að bæta skilning, þátttöku og virkni nemenda við nærumhverfið með sjálfboðavinnu og gera þjónustustöðvar hverfisins sýnilegri. Markmiðið er einnig að nemendur myndi auki tengsl við leikskólabörn og skilning á þörfum þeirra, og efla vitundarvakningu um stöðu eldra fólks og þörfum þeirra.

Með þessu verkefni er vonast til að skólinn geti boðið árlega upp á valið Samfélagsvitund í 9. og 10. Með því að gera nemendur meðvitaðri um nærumhverfi

sitt er vonast eftir að áhugi á samfélagslegum störfum og samvinnu á milli hinna ýmsu þjónustustofnanna aukist.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Skólinn leitaði eftir samstarfi með leikskólanum Laugasól og öldrunarheimilinu Hrafnistu. Nemendur í 9. og 10. bekk fengu svo að velja sér valgreinina Samfélagsvitund. Til að nemendur íhuguðu sjálfböðavinnu sína voru þeir fengnir til að skrifa ígrundun einu sinni í viku og senda til kennara þar sem þeir færu yfir hvað gert var hverju sinni og hugleiddu gang dagsins.

Alls komust tólf nemendur í valið og var þeim skipt upp í þrjá hópa. Hver hópur var að meðaltali í 10 skipti á hverjum stað fyrir sig (Hrafnista-Laugasól-Laugalækjarskóli). Þar sem nemendur eru að fara í sjálfböðavinnu utan skólasvæðisins var strax í upphafi ákveðið að mikilvægt væri að kennari fylgdi verkefninu eftir og færi með nemendum á staðinn.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Upphaflega áttu nemendur sem unnu sjálfböðavinnu í Laugalækjarskóla að hjálpa yngri nemendum við heimanám og vera öðrum nemendum til stuðnings í frímínútum. Verkpátturinn aðstoð við heimanám féll niður þar sem að frímínútustuðningur fór fram úr vonum sem fól í sér að nemendur voru í fyrri frímínútum með nemandi með Downsheilkenni og var því ákveðið að við myndum einbeita okkur að þeim lið. Nemendur náðu að tengjast sínum stuðningssamnemanda og mikill vinskapur myndaðist á milli þeirra. Nemendur töluðu sjálfir um að þeim hefði þótt þetta skemmtilegt og þeir hefðu lært mikið af þessu.

Kennari skipti tíma í upphafi sínum á milli Leikskólans Laugasól og Hrafnistu. Minni þörf var fyrir hann á leikskólanum og var hann því undir restina alfarið með nemendum á Hrafnistu.

Vankantar við vinnu verkefnisins

Vegna mikils álags í starfi kennara tókst ekki að finna tíma til að setja fleiri kennara inn í verkefnið og finna leiðir til að fjölga þeim þjónustustofnunum sem taka þátt. Einnig skorti að drengir sæktu um að fara í valið.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Í Lauglækjarskóla áttu nemendur að vera með samnemanda með Downsheilkenni, sem við köllum hér Jón, í fyrri frímínútum (sem eru í 20 mínútur og eru m.a. ætlaðar fyrir nesti). Mikill vinskapur og skilningur myndaðist á milli þeirra. Nemendur töluðum um að með þessu vali höfðu þeir kynnst hliðum á Jóni sem þeir hefðu sennilega ekki gert ef ekki væri fyrir valið. Þeir töluðu einnig um að það hefði komið þeim á óvart hversu skemmtilegt það hefði verið að eyða tíma með honum. Það var einnig áhugavert að fylgjast með hvernig aðrir nemendur skólans sýndu Jóni meiri áhuga með því að setjast með hópnum og spjalla við hann og nemendurna sem voru í valinu.

Á Hrafnistu náðu nemendur að tengjast íbúum og gáfu sér góðan tíma til að spjalla, baka og fönndra með þeim.

Í ígrundun frá nemendum kom fram að í fyrstu hafi þeim þótt erfitt að hefja samtal við íbúana þar sem þeir þurftu að sína frumkvæði. Nemendur áttuðu sig ekki í fyrstu hvert þeirra hlutverk væri í þessum aðstæðum. Eftir nokkrar heimsóknir hafi það þó orðið auðveldara. Þeir töluðu einnig um í ígrundunum sínum að það hafi verið þeim erfitt að horfa upp á hversu einangraðir sumir íbúanna væru.

Nemendum þótti sérstaklega gaman að baka vöflur fyrir íbúana þar sem að þá myndaðist skemmtileg stemning þar sem fólkið fór að tala meira og segja frá sjálfu sér. Nemendum þótti sérstaklega gaman að fá að heyra sögur þeirra og kynnst þeim betur.

Í leikskólanum Laugasól lærðu nemendur að taka ábyrgð á og hafa umsjón með yngri börnum þrátt fyrir að hafa fundist erfitt í byrjun að finna út hvernig ætti að nálgast svona ung börn. Nemendur sögðu að með tímanum hafi þetta orðið auðveldara og þeir fundið sér farveg sem virkaði vel í samskiptum sínum við leikskólabörnin. Það kom þeim einnig á óvart hversu gaman það væri að sleppa sér og leika sér við börnin. Í ígrundunum frá nemendum kom skýrt fram að þeir mynduðu tengsl við leikskólabörnin og að þeir hefðu einkar gaman af þessu starfi. Það kom einnig fram í ígrundunum að nokkrir nemendur gætu hugsað sér að starfa sem leikskólakennari í framtíðinni.

Fleiri þjónustustöðvar fréttu af þessu verkefni og höfðu samband við skólann. Ákveðið var að virkja nemendur í 7. og 8. bekkjum skólans og fara í samstarf með félagsheimili aldraðra á Dalbraut. Nemendur í 8. bekk unnu með fólki í félagsheimilinu og kenndu þeim á iPad á meðan nemendur í 7. bekk bjuggu til heilsuplaköt sem sýndu æfingar og hvatningaorð sem hentuðu öldruðum. Plakötunum var svo komið fyrir í hreyfisal félagsheimilisins.

Nemendur höfðu almennt gaman af því að vinna sjálfboðavinnu. Ef tími féll niður urðu nemendur svektir. Í hvert skipti sem nemendur mættu jók það á sjálfsöryggi þeirra og skilning á hvernig nálgast eigi leikskólabörn, aldraðra og nemendur með sérþarfir. Ábyrgðakennd jókst hjá nemendum og vilji til að virkja nærumhverfið með sér t.d. með því að skipuleggja heimsókn með samnemendum á Hrafnistu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Þau markmið sem sett voru í upphafi náðust og fóru fram úr vonum. Afrakstur verkefnisins er að skólinn mun bjóða upp á valið Samfélagsvitund. Vinnan með íbúum Hrafnistu, leikskólabörnum og hér í Lauglækjarskóla virðist veita nemendum mikla ánægju og auka á ábyrgðatilfinningu nemenda. Hins vegar þarf að finna leiðir til að auka aðsókn drengja í valið.

Mikilvægt er að skólar taki meðvitað og skipulega þátt í því að opna leiðir fyrir ungt fólk til að taka þátt í samfélagslegu starfi. Nemendur njóta sín oft ekki í kennslustofunni og því er mikilvægt að skapa tækifæri og leiðir í skipulögðu námi þar sem þeir geta tekið þátt í samfélaginu á uppbyggilegan hátt og fundið að þeirra framlag skiptir máli og gerir gagn.

Þetta starf gæti leitt til þess að vitund nemenda um jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni aukist. Í þessu námi er stutt við ábyrgð á eigin námi með því að höfða til og treysta á styrkleika og áhugasvið nemenda. Nemendur taka mikla ábyrgð og þurfa að

sýna frumkvæði og því reynir verkefnið bæði á sjálfstæði og samvinnu. Þegar upp er staðið getur verkefnið kennt nemendum að nýta styrkleika sína og þannig ýtt undir sterka sjálfsmynd. Þegar litið er á Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 fellur þetta verkefni vel að þeirri lykilhæfni sem fjallar um sjálfstæði og samvinna.

Niðurstöður verkefnisins:

- Tenging milli skólans og þjónustustöðva í hverfinu jókst.
- Áhugi nemenda á nærumhverfinu jókst.
- Vitundarvakning á stöðu eldra fólks og þarfir þeirra jókst.
- Nemendur lærðu að taka ábyrgð og tóku skref í áttina að taka þátt í starfi leikskólana, grunnskólana og á heimilum aldraðra.
- Þjónustustöðvar í hverfinu urðu sýnilegri.
- Fleiri sóttust eftir samstarfi með skólanum eftir að hafa frétt að þessu verkefni.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Leita að samstarfi við sveitafélög, fagfélög og einstaka skóla til að kynna verkefnið fyrir öðrum kennurum með því að áframsenda upplýsingar um verkefnið Samfélagsvitund til stjórnenda annarra skóla.


Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Það er mikilvægt fyrir skóla sem vilja efla samfélagslegavitund að geta sótt um styrki til að koma verkefninu af stað. Upphaf og uppbygging á nýjum verkefnum getur verið tímafrek og kostnaðarsöm og því getur það reynst skólum erfitt að byrja á nýjum verkefnum vegna fjárskorts.

Dagsetning: 25.04.2018

Lis RUTH KL.

Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla

